

# Auglýsing

um

## samning milli Danmerkur og Rússlands um mælingar skipa.

Samkvæmt auglýsing frá stjórnarráði utanríkismálanna 10. apríl þ. á. hefur 2. s. m. gjörður verið í St. Pjetursborg á frönsku svofelldur samningur:

(Þýðing.)

Sökum breytinga þeirra, er gjörðar voru á Rússlandi með keisarlegri reglu-gjörð 15./2. marz 1900 á aðferðinni við mæling verzlunarskipa, hafa undirritaðir, er stjórnir þeirra hafa veitt til þess tilhlýðilegt umboð, komið sjer saman um, að samningur sá, er gjörður var þann 14./2. maí 1896, skuli úr gildi felldur, og í hans stað koma nýr samningur, sá er hjer greinir:

### 1. grein.

Þá er dönsk segl- og gufuskip, er hafa meðferðis mælingarskírteini, gefin út eptir 1. apríl (20. marz) 1895, koma á hafnir í keisaradæminu Rússlandi, og þá er rússnesk skip (þar í falin skip, er standa í finnsku skipaskránum), hvort heldur eru segl- eða gufuskip, er hafa meðferðis mælingarskírteini sinnar þjóðar, gefin út eptir 14./1. janúar 1901, koma á danskar hafnir, skulu skipin vera undanþegin mælingu af nýju, og skal nettó-lestatal skipsins eptir greindu mælingarskírteini lagt til grundvallar við útreikning gjalda þeirra, sem krafizt verður í hinni erlendu höfn.

Rússnesk skip (þar í falin skip, er standa í finnsku skipaskránum), er hafa meðferðis mælingarskírteini sinnar þjóðar, gefin út fyrir 14./1. janúar 1901, skulu framvegis sæta þeim kjörum í dönskum höfnum, sem mælt er um í samningnum frá 14./2. maí 1896.

### 2. grein.

Samningur þessi öðlast gildi 14./1. apríl 1902.

Þessu til staðfestingar hafa umboðsmennirnir undirritað samning þenna og sett innsigli sín á hann.

Samið í St. Pjetursborg í tveim frumritum 2. apríl (20. marz) 1902.

(undirr.) **P. Lövenörn.**  
(L. S.)

(undirr.) **greifi Lamsdorff.**  
(L. S.)

Þetta gjörist hjermeð almenningi kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands, 29. desember 1902.

*Alberti.*

*Ólafur Halldórsson.*

# Bekendtgørelse

Nr. 47.  
29de  
Decbr.

angaaende

## en mellem Danmark og Rusland afsluttet Deklaration om Skibes Maaling.

Ifølge Bekendtgørelse fra Udenrigsministeriet af 10de April d. A. er der under 2den s. M. i St. Petersborg i det franske Sprog bleven udfærdiget følgende Deklaration:

(Oversættelse.)

Som Følge af de i Rusland ved kejserligt Reglement af  $15\frac{1}{2}$  Marts 1900 foretagne Ændringer i Systemet for Maalingen af Handelsskibe have de undertegnede, behørigt befuldmægtigede dertil af deres Regeringer, vedtaget, at den under  $14\frac{1}{2}$  Maj 1896 udvekslede Deklaration skal ophøre at gælde og erstattes af en ny Deklaration saalydende:

### Artikel 1.

Danske Sejl- og Dampskibe, der ere forsynede med et efter den 1ste April (20de Marts) 1895 udstedt Maalebrev, skulle, ved Ankomsten til Kejserdømmet Ruslands Havne, ligesom russiske Skibe, (derunder indbefattet de i de finske Skibsregistre indførte Skibe), saavel Sejl- som Dampskibe, der ere forsynede med et efter den  $14\frac{1}{1}$  Januar 1901 udstedt nationalt Maalebrev, ved Ankomsten til danske Havne, være fritagne for Ommaaling, og Skibets i de paagældende Maalebreve angivne Nettodrægtighed skal lægges til Grund for Beregningen af de Afgifter, som skulle oppebæres i den fremmede Havn.

Russiske Skibe (derunder indbefattet de i de finske Skibsregistre indførte Skibe), der ere forsynede med et forinden den  $14\frac{1}{1}$  Januar 1901 udstedt nationalt Maalebrev, skulle vedblivende modtages i danske Havne paa de i Deklarationen af  $14\frac{1}{2}$  Maj 1896 fastsatte Betingelser.

### Artikel 2.

Nærværende Deklaration træder i Kraft den  $14\frac{1}{1}$  April 1902.

Til Bekræftelse heraf have de undertegnede underskrevet nærværende Deklaration og have paatrykt den deres Segl.

Udfærdiget i to Eksemplarer i St. Petersborg den 2den April (20de Marts) 1902.

(undert.) **P. Løvenørn.**  
(L. S.)

(undert.) **Greve Lamsdorff.**  
(L. S.)

Hvilket herved bringes til almindelig Kundskab.

Ministeriet for Island, den 29de December 1902.

*Alberti.*

*Ólafur Halldórsson.*